

Brokey vill losna úr gámunum

- Fjögur ár liðin frá því félagsheimilið við Ingólfsгарð var rífið til að rýma fyrir tónlistarhúsinu Hörpu
- Starfar í gámunum á Ingólfsгарði, lekum stríðsminjum við Nauthólsvík og kaffiskúr á Gufunesi



Eftir Rúnar Pálmason
runarp@mbl.is

FJÓRUM árum eftir að félagsheimili Brokeyjar við Ingólfsгарð í Reykjavíkurborg var rífið til að rýma fyrir Tónlistar- og ráðstefnuhúsinu, hefur Reykjavíkurborg enn ekki gefið skýr svör um hvar Brokey verður heimilað að byggja upp aðstöðu að nýju. Á meðan fer starfsemin fram í gámunum sem komið hefur verið fyrir á Ingólfsгарði til bráðabirgða. Unglingastarfið fer fram í lekum húsum í Nauthólsvík sem byggð voru í síðari heimsstyrjöld og uppsátur fyrir skútur félagsmanna er í Gufunesi.

Siglingafélög í Kópavogi og Hafnarfirði státa af nýlegum húsakynnum og góðri aðstöðu en siglingaþróttin í Reykjavík líður fyrir húsnæðisskort.

Besta siglingavæði landsins


Kristján S. Sigurgeirsson, formaður Brokeyjar, leggur mikla áherslu á að félagið fái aðstöðu á Ingólfsгарði. Ástæðan er sú að sundin séu besta siglingavæði landsins enda komist skútur í vind nánast um leið og þeim er siglt út fyrir hafnararmynnið. Reykjavíkurborg hafi á hinn bóginn sífellt frestað að taka afstöðu til óskar Brokeyjar um framtíðaraðstöðu þar. Nú síðast var málinu frestað vegna hugmyndasamkeppni um byggð við Gömlu höfnina en síðan hafi reyndar komið í ljós að hið nýja skipulag muni alls engin áhrif á það svæði sem Brokey hefur augastað á. Brokey hafði lengi til umráða hús við Ingólfsгарð sem margir kannast við en húsið var tvílyft, rautt og bárujárnsklætt. „Það var afskaplega fínt hús. Bryggjan var við hliðina, í því var félagsheimilið, góður salur og geymslur sem alltaf voru fullar. Síðan híðum við bara skúturnar upp í girðingu sem var við hliðina á húsinu. Þetta gat ekki verið þægilegra, allt á sama stað“ sagði hann.

Tillaga Brokeyjar gengur út á að fá að reisa hús á Ingólfsгарði. Þá vonast félagið til að fá betri stað til að geyma skútur á landi að vetri til og



Morgunblaðið/Ómar

Söknuður „Það var afskaplega fínt hús. Bryggjan var við hliðina, í því var félagsheimilið, góður salur og geymslur sem alltaf voru fullar. Síðan híðum við bara skúturnar upp í girðingu sem var við hliðina á húsinu. Þetta gat ekki verið þægilegra,“ segir formaður Brokeyjar um gamla félagsheimilið.



viðgerðarskemmu t.d. á Norðurgarði. Nú eru skútur geymdar við Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi en aðstaðan þar er ófullnægjandi. Þá er Brokey með aðstöðu í Nauthólsvík fyrir unglingsstarfið sem Kristján segir að sé ágæt að mörgu leyti. Vandinn sé hins vegar sá að húsið lekur herfilega og brýnt sé að skipta um járn á þakinu. Húsið er enn í eigu

Brokey og Kayakklúbburinn huga að samvinnu á Geldinganesi

Kayakklúbburinn hefur lengi haft aðstöðu á eiðinu við Geldinganes. Þar hefur félagið komið fyrir gámunum með kaffistofu, sturtu og búningaástöðu og geymslugámunum fyrir kajakana. Klúbburinn hafði hug á að reisa félagsheimili á austurenda Geldinganes en þær fyrirætlanir voru háðar því að Sundabraut yrði lögð yfir í nesid og þar yrði skipulögð íbúðarbyggð.

Í ljósi þess að Sundabraut mun a.m.k. frestast hefur klúbburinn endurvakið umsókn sína um að fá að byggja upp framtíðaraðstöðu við eiðið, landmegin, ef svo má segja.

Hugmyndir eru uppi um að Brokey og Kayakklúbburinn myndu samnýta þá aðstöðu sem þar myndi rísa. Kristján B. Sigurgeirsson, formaður Brokeyjar, segir að Brokey hafi áhuga á að bjóða upp á námskeið fyrir þann mikla fjölda barna og ungmenna sem byggja Grafarvogshverfið og því myndi siglingaástaða á Geldinganesi henta afar vel.



Róa Félagar í Kayakklúbbnum á leið í róður.

Flugstoða en ekki borgarinnar, en verið sé að ganga frá eigendaskiptum. Þá sé borgin treg til að halda húsinu við þar sem það er ekki komið í hennar eigu og því sitji viðhald á hakanum. Brokeyjarmenn hafa þó sjálfir málað og dyttad að sínum hluta hússins. Kristján segir það blasa við að félagsstarfið myndi eflast við að fá betri aðstöðu, það hafi

a.m.k. sýnt sig í Kópavogi og Hafnarfirði.

Góð aðsókn á námskeið

Þrátt fyrir erfðar ytri aðstæður hafi starfsemi félagsins gengið vel á síðasta ári. Fullbókað var á öll siglinganámskeið félagsins, bæði fyrir unglinga og fullorðna. Keppnir félagsins á þriðjudögum njóta vaxandi

vinsældu og Brokeyingum gekk vel á öllum stigamótum sumarsins, bæði á kænnum og kjölbátum og náðu sex Brokeyingar Íslandsmeistaratitli.

Brokey er ekki eina siglingafélagið í Reykjavík sem á í húsnæðisvandráðum. Róðrarfélagið Stefni er einnig að leita sér að húsnæði og Kayakklúbburinn í Reykjavík hefst við í gámanyggð í Geldinganesi.

JEPPIARAFAFGEYMAR



Nýir og öflugir TUDOR High Tech rafgeymar fyrir jeppa

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikrafttur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Konur fræddust um hjörtu á konudaginn

Konum hættara við hjarta- og æðasjúkdómum en almennt er talið

Eftir Ingibjörgu Rósu Björnsdóttur
ingibjorgrosa@mbl.is

HJARTAVERND nýtti konudaginn til að halda GoRed hátíð í Reykjavík og á Akureyri. GoRed er alheimsátak á vegum Alþjóðahjartasambandsins og er verndari átaksins hér á landi Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrum heilbrigðisráðherra.

GoRed átakinu er ætlað að gera konur meðvitaðri um hættuna á hjarta- og æðasjúkdómum og í Háskóla Íslands sóttu yfir 400 konur GoRed hátíðina og hlýddu á erindi Axels F. Sigurðssonar, hjartalæknis, og Vilborgar Sigurðardóttur, hjartalæknis og formanns GoRed á Íslandi. Þar komu fram nokkuð sláandi tölur um háa dánartíðni kvenna í Evrópu



Morgunblaðið/Golli

Dúndursöngur Léttuveit Reykjavíkur flutti dúndrandi söngva á hátíðinni.

af völdum hjarta- og æðasjúkdóma. Nær jafnmargir karlar og konur deyja af völdum kransæðastíflu, en mun fleiri konur, eða 17%, deyja vegna heilablóðfalls. 11% karla deyja af sama sjúkdómi.

Í máli Axels kom fram að þótt hjarta- og æðasjúkdómar séu al-

gengari hjá körlum en konum í yngri aldursflokkum, snýst dæmið við á efri árum. Konur þurfa því að huga betur að forvörnum og heilbrigðum lífsstíl. Helstu áhættuþættir hjarta- og æðasjúkdóma hjá konum, eru reykingar, sykursýki, blóðfituröskun, ofþyngd, kyrrsetulíf og streita.